

Stjórn MFÍK sendir frá sér eftirfarandi ályktun:

Íslendingar hafa talist meðal vinþjóða Ísraels en þrátt fyrir það hafa ísraelskir embættismenn ítrekað lítilsvirt og beitt íslenska borgara harðræði við komu þeirra til Ísrael. Það er kominn tími til að ríkisstjórn Íslands endurskoði stjórn málasamband við slíka aðila.

Á undanförunum mánuðum hafa ísraelsk stjórnvöld sýnt af sér ofríki og glæpsamlegt framferði í garð nágretta sinna í trausti stuðnings stjórnar Bandaríkjanna og fleiri ríkja. Undanlátssemi vestrænna þjóða hefur orðið ríkisstjórn Ísraels hvatning til síendurtekinna niðingsverka.

Við mótmælum innrás Ísraels í annað ríki, drápum þeirra á fjölda óbreyttra borgara, sem að stórum hluta voru börn, og glæpsamlega notkun á ólöglegum klasasprengjum, sem eiga eftir að valda enn frekari örkumlun og dauða í Suður- Líbanon. Í skjóli þessara atburða hefur Ísraelsstjórn enn hert tókin í Palestínu. Daglegt líf íbúa á Gaza og á Vesturbakkanum verður sífellt óbærilegra því svo virðist sem Ísraelsher hefni hrakfara sinna í Líbanon á Palestínumönnum. Áform um byggingarframkvæmdir í stað þess að rýma landnemasvæði sýna einnig lítinn vilja stjórnar Ísrael til samkomulags. Friður á svæðinu er fjarlægur draumur á meðan einungis er krafist tilslakana af hálfu annars deiluaðila.

Við hvetjum ríkisstjórn Íslands til að taka afstöðu í málefnum Miðausturlanda og hafna opinberlega árásar- og útpenslustefnu Ísraelsstjórnar. Íslendingar eru friðelskandi þjóð og framkoma stjórnar Ísraels hefur áhrif á viðhorf þeirra. MFÍK treysta því að utanríkisráðherra Íslands komi þeim skilaboðum til stjórnar Ísraels.

Þá hvetur MFÍK alla friðelskandi borgara til að sniðganga vörur frá Ísrael og sýna þannig vandlætingu sína í verki.